

Minnisblað

Til: Umhverfis og framkvæmdanefnd
Frá: Eyþór Guðmundsson, Halla Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Dags: 20. mars 2026
Mnr. 2025020024 -



ÍSAFJARÐARBÆR

Óskað er eftir heimild nefndar til að fara í örútboð innan rammasamnings Ríkiskaupa RK 14.26 vegna verkfræðiráðgjafar og hönnunar í tengslum við LIFE ICEWATER-verkefnið.

Örútboðið fer fram á grundvelli 5. mgr. 40. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og verður sent til allra seljenda sem skráðir eru undir þjónustusviðinu Veitur í rammasamningnum.

Ísafjarðarbær er samningsaðili að rammasamningum Ríkiskaupa, þar á meðal rammasamningi RK 14.26, og er því heimilt og skylt að haga innkaupum samkvæmt þeim þegar við á.

Markmið og efni örútboðs

Markmið örútboðsins er að afla ráðgjafarþjónustu vegna greiningar, hönnunar og undirbúnings úrbóta á fráveitu-, ofanvatns- og útrásakerfi Ísafjarðarbæjar. Verkefnið er hluti af þátttöku Ísafjarðarbæjar í LIFE ICEWATER-verkefninu.

Umfang og tímarammi

- Viðmiðunarmagn verkefnisins er allt að 800 klukkustundir.
- Samningstími er frá undirritun samnings til 1. janúar 2028.
- Gert er ráð fyrir að stærstu verkþættir verkefnisins verði greiningar og hönnunarvinna.
- Nánari Verkáætlun og áfangaskipting verður unnin sameiginlega af verkkaupa og ráðgjafa við upphaf verkefnis.

Fjárhagsforsendur

Kostnaðaráætlun kaupanda liggur fyrir, en verður ekki birt fyrr en að loknum skilafresti tilboða. Endanleg greiðsla tekur mið af raunverulega unninni og samþykktri vinnu, miðað við einingarverð (tímagjöld) samkvæmt tilboði.

Samkvæmt kostnaðaráætlun ICEWATER-verkefnisins er gert ráð fyrir 20.000.000.- kostnaði. Jafnframt er gert ráð fyrir þessum kostnaði á fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar.

Kaupandi áskilur sér rétt til að:

- hafna öllum tilboðum sem fara yfir kostnaðaráætlun,
- hafna öllum tilboðum á málefnalegum grundvelli,

- eða taka lágsta gilda tilboði takist að útvega viðbótarfjármagn.

Samþykkt þessarar heimildar felur eingöngu í sér heimild til að fara í örútbóð og felur ekki í sér skuldbindingu um samningsgerð né fjárútlát.

Helstu kröfur til ráðgjafa

- Tilnefning verkefnastjóra í hæfisflokki A eða B samkvæmt RK 14.26.
- Heimilt er að vera með verkefnastjóra í hæfisflokki B, að því tilskildu að yfirverkefnastjóri í hæfisflokki A beri faglega ábyrgð.
- Ráðgjafastofa skal sýna fram á reynslu af sambærilegum fráveituverkefnum.
- Gert er ráð fyrir að gerðar verði kröfur um starfsaðstöðu á Ísafirði hjá ráðgjafa yfir verkefnatíman, enda krefst eðli verkefnisins reglulegrar viðveru, náins samstarfs og aðgengis að vettvangi.

Valforsendur

Val á tilboði verður byggt á lágsta verði að uppfylltum öllum hæfniskröfum örútbóðsins. Tilboð eru metin á grundvelli innsendra gagna. Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

Um samningssamband verkkaupa og ráðgjafa gilda:

- skilmálar rammamennings RK 14.26, og
- samningsskilmálar um ráðgjöf og hönnun samkvæmt ÍST 35:2018, eftir því sem við á.

Allar afurðir verkefnisins verða í óskoraðri eigu Ísafjarðarbæjar og heimilt verður að miðla þeim samkvæmt skuldbindingum LIFE ICEWATER-verkefnisins.

Áframhaldandi málsmeðferð

Að loknu örútbóði og mati tilboða verður niðurstaða útboðsins lögð aftur fyrir nefndina til kynningar og eftir atvikum ákvörðunar um næstu skref, þar á meðal samþykkt á vali tilboðs og heimild til samningsgerðar.

Tillaga

Lagt er til að nefndin samþykki að veita heimild til að fara í örútbóð innan rammamennings Ríkiskaupa RK 14.26 vegna ráðgjafapjónustu og hönnunar í tengslum við LIFE ICEWATER-verkefnið, samkvæmt framangreindum forsendum.